

264. fundur Skólanefndar FS

25. ágúst 2004



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Pétur Brynjarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjárveitingar til öldungadeildar og kennslu nemenda 10. bekkjar.
 2. Önnur mál.

1. Fjárveitingar til öldungadeildar og kennslu nemenda 10. bekkjar.

Skólameistari sagði frá því að menntamálaráðuneyti hefur staðfest að skólinn fái 15 milljónir til reksturs öldungadeildar á haustönninni en það verður gert upp á næsta ári. Skólanefnd samþykkir að bjóða upp á áfanga fyrir nemendur 10. bekkjar en harmar að menntamálaráðuneytið hafi ákveðið að veita ekki fé til þessarar kennslu eins og það hefur gert undanfarin ár. Skólinn mun leita annarra leiða til að fjármagna þetta starf og tryggja fjármagn til þess til framtíðar. Nefndin felur skólameistara að rita grunnskólum á svæðinu bréf og kynna þeim stöðu mála.

2. Önnur mál.

- a) Skólanefndarmenn lýstu ánægju sinni með nýbyggingu og framkvæmdir við skólann en töldu jafnframt nauðsynlegt að ganga frá lóð og umhverfi skólans sem fyrst. Skólanefnd hvetur eignaraðila til að tryggja skólanum fjármagn sem vantar upp á til að ljúka endanlega við frágang lóðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjörnsson,
fundarritari